

## Reglur um BS nám við Landbúnaðarháskóla Íslands

### Háskólanám bakkalárpróf (BS, 180 ECTS)

#### 1. Almenn

Landbúnaðarháskóli Íslands (hér eftir Lbhí) er sjálfstæð menntastofnun sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneyti en fjallað er um stöðu og hlutverk háskóla í 3. gr. laga nr. 85/2008. Lbhí veitir nemendum sínum fræðslu og vísindalega þjálfun, þannig að þeir geti tekið að sér sérfræðistörf á sviði ræktunar og fæðu, náttúru og skóga og skipulags og hönnunar og unnið að rannsóknum og verkefnum í þeirra þágu.

#### 2. Inntökuskilyrði

Umsækjandi þarf að hafa lokið framhaldsskólaprófi sem brautarstjóri telur nægjanlegt og mælir með. Einstakar brautir geta haft sérákvæði um þrengri inntökuskilyrði. Nemendur annarra háskóla, innanlands og erlendis, geta einnig tekið hluta af námi sínu við Lbhí enda sé kveðið á um það í sérstökum samningum milli stofnana. Til að hljóta innritun þarf nemandi að standa skil á skrásetningargjöldum samkvæmt lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla.

Áfangar í grunnnámi við Lbhí eru alla jafna kenndir á íslensku og er því gerð krafa um að umsækjendur um grunnnám við Lbhí skilji talaða og ritaða íslensku.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku geta sótt um til námsráðgjafa að fá lengdan próftíma, notkun orðabóka í prófum og/eða leyfi til að svara prófum og verkefnum á ensku.

#### 3. Mat á fyrri námi

##### 3.1 Annað háskólanám

Nemendur sem áður hafa lokið sambærilegum námskeiðum háskólanáms og boðið er upp á í námi við Lbhí geta fengið námskeið metin til eininga. Brautarstjóri og kennslustjóri framkvæma matið með aðstoð kennara viðkomandi faggreinar. Ágreiningsmálum er hægt að vísa til grunnnámsnefndar. Nemandi skal sækja um mat á námskeiðum til brautarstjóra og kennslustjóra a.m.k. þremur vikum áður en kennsla hefst í viðkomandi námskeiði og skal hann tilgreina námskeið sem liggja til grundvallar matsins og þá á móti hvaða áfanga við Lbhí og leggja fram staðfest afrit af námsferli máli sínu til stuðnings.

##### 3.2 Fagleg vinna – hagnýt aðferðafræði

Nemandi getur sótt um að fagvinna á hans námssviði verði metin í stað valgreina til allt að 6 ECTS á formi hagnýtrar aðferðafræði á BS stigi. Þeir nemendur sem ekki hafa langa reynslu af starfi í faggeirum sem þeir eru að mennta sig fyrir verða hvattir til að taka starfsþjálfun hjá einhverjum fagaðila innan- eða utanlands. Fagvinna reiknast hverskonar vinna sem telst auka hæfni eða innsýn nemandans til verkefna á hans fagsviði. Til að fá starfsreynslu metna til eininga verður að sækja um námskeiðið til brautarstjóra áður en vinnan hefst og fá umsóknina samþykkt. Nemandinn skal fyrir lokasamþykki brautarstjóra gera grein fyrir vinnunni með stuttri greinagerð. Sjá nánar í áfangalýsingu.

## 4 Skipulag námsins

Skólinn býður upp á nám til prófgráða sem eru auglýstar hverju sinni. Hámarksnámstími í hverri námsbraut í háskólanámi má vera 50% umfram áætlaðan námstíma. Kennslunefnd er heimilt að veita undanþágur frá ákvæði um hámarksnámstíma.

### 4.1 Skráningar í námskeið og úrsagnir

Nemandi ber ábyrgð á sínum námsferli, á skráningu í áfanga hverju sinni og á því að tilskyldum fjölda ECTS eininga sé náð og öllum skyldunámskeiðum sé lokið fyrir áætlaða brautskráningu. Brautarstjóri, kennsluskrifstofa og náms- og starfsráðgjafi aðstoða nemendur við námskeiðaval sé þess óskað. Alla jafna er nýskráning í áfanga heimiluð út fyrstu kennsluviku hverrar stuttannar. Skráning í námskeið komandi skólaárs fer fram í mars – apríl á hverju ári og endurskoðun námskeiðsskráninga fyrir vormisseri í október – nóvember. Vilji nemandi segja sig frá námskeiði skal það gert skriflega til kennsluskrifstofu eigi síðar en sjö dögum fyrir prófdag, að öðrum kosti fær nemandi skráð fall í viðkomandi áfanga.

Nemendur sem óska eftir að taka námskeið við aðra opinbera háskóla þurfa að skila inn umsókn um gestanám á [kennsluskrifstofa@lbhi.is](mailto:kennsluskrifstofa@lbhi.is) fyrir 1. ágúst vegna haustannar og 1. desember vegna vorannar. Hægt er að nálgast gestanámsumsókn á heimasíðu Lbhí.

## 5 Námskeið og námseiningar (ECTS)

Námskeið við Lbhí eru metin í stöðluðum ECTS námseiningum. Að jafnaði svara 60 ECTS námseiningar til fulls náms á ársgrundvelli/námsári og endurspeгла alla námsvinnu nemenda. Samræmt númerakerfi er yfir námskeið í háskólanámi samsett úr 6 tölustöfum og heiti námskeiðs.

Námskeið eru flokkuð í grunnnámskeið, grunn og framhaldsnámskeið, og framhaldsnámskeið. Skilgreining á námskeiðum er 100 fyrir grunnnámskeið, 200 fyrir grunn og framhaldsnámskeið, og 300 fyrir framhaldsnámskeið.

## 6 Kennslufyrirkomulag

Kennsluárið skiptist í haust- og vormisseri. Heimilt er að skipta hvoru misseri í tvær stuttannir með prófum á milli. Á hverri stuttönn er kennt í sjö vikur og próf standa yfir í eina til tvær vikur í lok hverrar stuttannar. Á seinni hluta vorannar eru haldin sumarnámskeið eftir því sem fram kemur í námsskrám. Til að hefja nám í einstökum námskeiðum annar þarf nemandi að hafa öðlast próftökurétt í undanfaranámskeiðum. Kennsla fer fram með fyrirlestur, verkefnatímum/leiðsagnartímum, dæmatímum, verklegum æfingum, námsferðum og/eða með annarri námstilhögun samkvæmt fyrirfram gerðum kennsluáætlunum. Kennsluáætlun skal birt á kennsluvef í síðasta lagi við upphaf kennslu og skal hún innihalda upplýsingar um kennslufyrirkomulag og námsmat sem kennari kynnir fyrir nemendum. Sé nauðsynlegt að gera breytingar á kennsluáætlun þegar önn er hafin vegna óviðráðanlegra orsaka skal það borið undir nemendahóp og kennslustjóra.

Í vissum tilvikum er jafnframt mögulegt að taka námskeið í fjarnámi að hluta til eða öllu leyti og skal fyrirkomulagið auglýst í kennsluskrá. Skilyrða má tímasókn einstakra námshluta í kennsluáætlun.

Heimilt er að bjóða fram kennslu á norðurlandamálum og ensku enda sé þess getið í kennsluskrá viðkomandi áfanga.

## 7 Próf

### 7.1 Próftímabil, gerð prófa

Lokapróf eru að jafnaði haldin í annarlok. Sjúkra- og endurtökupróf skulu haldin fyrir upphaf næsta misseris nema þegar sérstakar ástæður mæla með öðru fyrirkomulagi. Öllum sjúkra- og endurtektarprófum þarf að jafnaði að vera lokið áður en næsta skólaár hefst. Lokapróf skulu að jafnaði eigi standa lengur en tvær vikur á hverri stuttönn. Innritun í námskeið gildir sem innritun í próf sem haldið er að námskeiðinu loknu. Próf geta verið munnleg, skrifleg/rafræn og/eða verkleg, á prófsstað eða sem heimapróf. Heimilt er að meta ritgerðir, skýrslur og verkefni í stað lokaprófs eða sem hluta af námsmati og áskilja lágmarkseinkunn í hverjum þessara hluta. Fyrirkomulag námsmats skal koma fram í kennsluáætlun námskeiðsins við upphaf kennslu, sjá 1.6.

### 7.2 Mat á prófum og kæruréttur

Úrlausnir prófa skulu metnar af viðkomandi kennara. Nemandi á rétt á að sjá prófúrlausnir sínar í opnum aðgangi í prófakerfi eða með prófsýningu hjá kennara eigi síðar en í fyrstu skyldumætingarviku eftir lokapróf og fá útskýringar á mati ef hann óskar þess frá viðkomandi kennara. Vilji nemandi gera athugasemd við einkunn sína skal hann skila skriflegum athugasemdum til kennslustjóra. Slík ósk skal sett fram að jafnaði eigi síðar en 10 dögum eftir birtingu einkunnar. Hægt er að skjóta ágreiningi um einkunnagiöf til grunnnámsnefndar sem fellir úrskurð varðandi ágreining eða skipar prófdómara.

### 7.3 Um framkvæmd prófa

Kennarar standa fyrir prófum í samráði við kennsluskristofu. Í skriflegum prófum ræður vægi námsgreinar lengd próftíma. Að jafnaði skal hafa hálf klst. fyrir hverja byrjaða námseiningu á lokaprófi. Nemendur með staðfesta námsörðugleika og nemendur sem ekki hafa tungumál prófs að móðurmáli geta sótt um lengdan próftíma – 25% aukningu miðað við lengd lokaprófs. Niðurstöður prófa skulu liggja fyrir eins fljótt og unnt er og eigi síðar en á ellefta virka degi eftir prófdag. Einkunnir skulu liggja fyrir eins fljótt og nauðsyn krefur vegna brautskráningar. Próftöflur skulu liggja fyrir eigi síðar en fjórum vikum áður en viðkomandi prófatímabil hefst. Kennari viðkomandi áfanga og kennslustjóri (eða staðgengill hans) skulu vera tiltækir á meðan próf stendur yfir.

### 7.4 Reglur um próftöku

- a) Nemendur skulu mæta stundvíslega í próf. Mæti nemandi til prófs síðar en 15 mín eftir að próftími hefst er heimilt að vísa viðkomandi frá prófi.
- b) Nemendum ber að lesa vel fyrir mæli prófa og kynna sér upplýsingar í prófhäus.
- c) Enginn má skila úrlausnum fyrr en ein klukkustund er liðin frá upphafi auglýsts próftíma sé próf tekið í prófstofu, hvort heldur sé um skriflegt eða rafrænt próf að ræða. Ef nemandi lýkur prófi áður en heimiluðum próftíma lýkur er honum heimilt að fara úr prófstofu en skal gæta þess að trufla ekki þá sem enn eru í prófi. Að loknum próftíma ber öllum að skila úrlausnum þegar í stað.

- d) Að loknum skriflegum prófum á að skila prófspurningum, úrlausnum og krassblöðum til þess er situr yfir í prófinu. Prófspurningar úr reglulegum prófum ásamt úrlausnum verða varðveittar í skjalasafni skólans í þrjú ár.
- e) Nemendur mega ekki hafa yfirhafnir, töskur, síma eða annan búnað sem ekki tilheyrir leyfilegum hjálpargögnum við prófborðið. Alla slíka muni skal skilja eftir utan prófstofu. Ekki má valda truflun í prófi t.d. með neyslu matar eða drykkjar.
- f) Nemendum er aðeins heimilt að yfirgefa prófborð áður en þeir hafa lokið prófinu til þess að fara á salerni og þá undir eftirliti fylgdarmanns.
- g) Nemanda er óheimilt að ljúka prófi án þess að skila prófabók með nafni sínu og kennitölu og/eða prófnúmeri eftir því sem óskað er eftir í viðkomandi prófi.
- h) Nemandi á rétt á að fá útskýringar á orðalagi prófspurninga.
- i) Nemendum eru birtar einkunnir í rafrænu upplýsingakerfi Lbhí.
- j) Nemendum sem eru í prófi (hvort sem það er próf í prófsstofu eða heimapróf) er óheimilt að eiga samskipti við aðra nemendur við úrlausn prófa eða leita utanaðkomandi aðstoðar. Nemendur mega ekki nýta önnur hjálpargögn (námsbækur, internet, námsefni, glósur o.s.frv.) en þau sem tilgreind eru sem leyfileg hjálpargögn í prófhaus.
- l) Nemandi sem ekki getur mætt til prófs vegna veikinda skal tilkynna forföll samdægurs og áður en próf hefst til kennsluskrifstofu eða í aðalsímanúmer Lbhí. Læknisvottorði skal skila til kennsluskrifstofu við fyrsta tækifæri og eigi síðar en fimm dögum eftir að próf var haldið, annars telst nemandi hafa þreytt prófið. Það sama gildir ef nemandi mætir ekki í próf vegna veikinda barns. Heimilt er að skila vottorði rafrænt á netfang kennsluskrifstofu. Nemandi sem ekki mæti til prófs telst hafa þreytt prófið og fær FALL og telst hafa notað einn próftökurétt.
- m) Fjarnemum skal eftir því sem unnt er standa til boða að taka próf nærri heimili sínu ef samningar nást þar um við menntastofnanir (eða aðra aðila sem skólinn samþykkir) í næsta nágrenni og greiða fyrir það fjarprófsgjald til Lbhí (sjá gildandi gjaldskrá). Viðkomandi nemandi stendur sjálfur straum af öðrum kostnaði sé slíkur innheimtur af viðkomandi fjarprófsstað.

## 7.5 Um einkunnagjöf

Lokaeinkunn hvernar námsgreinar er gefin frá 0,0 - 10,0 með einum aukastaf. Lokaeinkunn er samsett úr einkunn á lokaprófi og hluteinkunn sbr. 1.7.7 og skal þá lokaeinkunn reiknast sem vengið meðaltal lokaprófs og hluteinkunnar, hvorutveggja reiknað með einum aukastaf. Skilyrða má lágmarkseinkunn á lokaprófi í kennsluáætlun, sé annað ekki tekið fram í kennsluáætlun er lágmarkseinkunn á lokaprófi 5,0. Í sérstökum tilfellum er heimilt að gefa námskeiði lokaeinkunnina staðið/fallið og skal fyrirkomulagið útskýrt í kennsluáætlun. Telst þá sú námsgrein ekki með við útreikninga meðaleinkunnar til BS-prófs.

## 7.6 Um endurtöku prófa o.fl.

Nái nemandi ekki tilskilinni prófseinkunn er honum heimilt að endurtaka lokapróf tvisvar og reiknast slík lokapróf móti hluteinkunn sbr. 1.7.7. Hafi nemandi náð lágmarks prófseinkunn getur hann engu að síður óskað eftir að endurtaka lokapróf ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Heimili grunnnámsnefnd það skal

prófið þreytt næst þegar reglulegt próf í greininni er haldið og vegið á móti sömu hluteinkunn (t.d. fyrir verkefni, ritgerðir o.þ.h.) og fyrra lokapróf. Ávallt gildir til lokaeinkunnar einkunn úr síðustu lokaprófstilraun nemandans. Falli nemandi þrisvar á lokaprófi skal hann sitja viðkomandi áfanga aftur frá grunni. Nemandi sem ekki getur þreytt próf vegna veikinda þarf að skila vottorði. Ekki er hægt að geyma hlutaeinkunn úr áfanga lengur en eitt skólaár. Úrsögn úr prófi skal berast kennsluskrifstofu eigi síðar en 10 dögum áður en prófatímabil hefst.

### 7.7 Námsverkefni

Til námsverkefna teljast þau verkefni, bókleg og/eða verkleg, þar með talin tímapróf/annarpróf, sem gefið er tölu-einkunn fyrir til lokaeinkunnar. Vægi hvers námsverkefnis í lokaeinkunn skal tilgreint í kennsluáætlun og mynda þau sameiginlega hluteinkunn sem reiknast móti lokaprófi sbr. 1.7.5. Heimilt er að krefjast tiltekinnar lágmarkseinkunnar fyrir námsverkefni til að öðlast próftökurétt á lokaprófi og sömuleiðis lágmarks skilaskyldu eða viðveru í einstökum námsþáttum enda komi það fram í kennsluáætlun. Einnig er heimilt að leggja fyrir verkefni sem varða próftökurétt en vega ekki að öðru leyti inn í lokaeinkunn. Endurgjöf fyrir námsverkefni skal að jafnaði liggja fyrir eigi síður en ellefu virkum dögum eftir að auglýstur skilafrestur rennur út.

### 7.8 Lokaverkefni til BS prófs

Lokaverkefni eru hluti af grunnáminu eins og kveðið er á um í kennsluskrá á hverjum tíma. Nemandi ráðfærir sig við brautarstjóra og vinnur að verkefninu undir stjórn eða umsjón leiðbeinanda samkvæmt samningi sem aðilar gera með sér (samningur um BS lokaverkefni). Leiðbeinandi getur verið fastur starfsmaður Lbhí, stundakennari eða annar hæfur aðili sem brautarstjóri samþykkir. Frágangur verkefnis (ritgerðar, hönnunarverka) skal vera í samræmi við nánari reglur um frágang rannsóknaritgerða / hönnunarverkefna við stofnunina. Að jafnaði kynna nemendur verkefni sín tvisvar fyrir skil; styttri kynning fer að jafnaði fram í janúar og lengri kynning í mars. Leiðbeinandi skrifar umsögn og gefur einkunn fyrir BS ritgerð í samráði við samræmingaraðila BS ritgerða sem tilnefndir eru af Lbhí og annast yfirlestur allra BS lokaverkefna og samræmingu einkunna í samráði við leiðbeinendur.

*Samþykkt á fundi háskólaráðs Landbúnaðarháskóla Íslands 28. apríl 2021.*